

Leiðbeiningar – Forðist rakaskemmdir


- Inniloft verður iðulega of rakt vegna matargerðar, þvotta, böðunar og inniveru fólks. Til þess að komast hjá raka (myglublettum o.s.frv.) getur verið nauðsynlegt að gera eitthvað sjálfur til að koma í veg fyrir þetta. Mennt halda gjarnan að íbúðin “loftræsti sig sjálf” en sú er sjaldan raunin. Það er því undir íbúum sjálfum komið að “lofta” íbúðina nógu vel til að fjarlægja þann raka sem myndast.
- Gerðu því tvennt:
 - Takmarkið rakamyndun í eldhúsi og baði.
 - Fjarlægðu þann raka sem myndast.
Þetta er auðvelt að gera með loftræstingu, opnið glugga nokkrum sinnum á dag. 10-15 mín. í einu er nóg, eða með víftum loftventlum o.s.frv.
- Í nýjum byggingum er oftast byggingaraki, því er nauðsynlegt að loftræsta meira en ella, fyrsta árið eftir að flutt er í nýja íbúð. Ef raki sest á rúður bendir það til ónógrar loftræstingar.
- Þéttlistar á gluggum og hurðum geta gert íbúðina svo þétta að auka þarf loftræstingu enn meir.
- Birgið ekki ofna með húsgögnum eða gluggatjöldum.

Íveruherbergi



- Opnið glugga nokkrum sinnum á dag en aðeins í 10-15 mínútur í einu.
- Ef rúður byrja að dögga - opnið glugga stutta stund í einu.
- Lokið ekki alveg fyrir hitann þó herbergi sé ónotað.
- Setjið ekki skápa og stór húsgögn alveg að útvegg, leyfið lofti að komast að bakhlið.

Svefnherbergi



- Opnið glugga ef hægt er, viðrið sængurföt og dýnur eins oft og kostur er.
- Látið svefnherbergi ekki standa óupphituð.
- Ef rúður dögga skal loftræsta betur, e.t.v. með því að opna út í önnur herbergi.

Eldhús



- Lokið aldrei loftræstilögnum eða opum alveg.
- Látið víftur eða gufugleypa ganga við matargerð.
- Hafið lok á pottum við matargerð – það minnkar rakamyndun inni.
- Loftræstið eftir matargerð.

Baðherbergi



- Lokið aldrei fyrir loftræstilögnum.
- Forðist ef mögulegt er að þurrka þvott innan íbúðar. Sé þurrkað inni þá er þörf á góðri loftræstingu.
- Sé þurrkari inni sem blæs heitu, röku lofti út í herbergið þá skal lofta eftir notkun.
- Loftræstið vel eftir böð eða sturtu.